

## **Fundargerð – Ungmennaráð Snæfellsbæjar**

**Dagsetning:** 26.nóv. 2025

**Staðsetning:** Röst Hellissandi

Fundargerð – Undirbúningur Snæfellsleikanna

Fundir haldnir:

- 22. október 2025 kl. 18:30
- 3. nóvember 2025
- 26. nóvember 2025 kl. 17:00

### **1. Fundur – 22. október 2025 kl. 18:30**

Mæting: Arnar, Hanna, Hrefna og Kristján.

Ákveðið var að halda West Side–inspired íþróttamót í Ólafsvík. Samþykkt var að mótið beri heitið Snæfellsleikarnir. Rætt var um undirbúning mótsins, þar á meðal hljóðbúnað, verðlaun, kræsingar, sjoppu og starfsmannahald. Áætluð dagsetning móts er 6. desember 2025, með fyrirvara um breytingar. Mótið er ætlað nemendum í 7.–10. bekk. Samþykkt var að búa til auglýsingu fyrir skráningar, skipta þátttakendum í lið, ákveða íþróttagreinar og innleiða mætingastig.

### **2. Fundur – 3. nóvember 2025**

Mæting: Arnar Valur, Hanna Líf, Hrefna, Emilía, Adrian og Kristján.

Emilía og Hanna sjá um tilboð á pizzum úr sjoppunni og drykkjum. Unnið verður áfram að liðaskiptingu. Ákveðið var að kaupa bikar og medalíur sem verðlaun. Samþykkt var að útbúa sérstakan playlist fyrir mótið. Rætt var um ráðstefnu 5. desember og lögð áhersla á góða mætingu.

### **3. Fundur – 26. nóvember 2025 kl. 17:00**

Mæting: Arnar Valur, Hanna Líf, Hrefna, Emilía, Adrian og Kristján.

Hanna Líf og Hrefna mæta fyrir hönd hópsins á ráðstefnu 5. desember á Hilton Reykjavík. Snæfellsleikarnir hefjast kl. 15:00 þann 6. desember. Pizzutilboð og drykkir verða í boði. Lið verða uppfærð og leikir raðaðir. Finna þarf dómara. Arnar og Adrian verða stigaverðir og kynnar. Hanna og Hrefna sjá um vinninga og verðlaun. Hver leikur verður 8 mínútur með pásam, heildartími mótsins er áætlaður um 2 klst. Tryggja þarf bikar og önnur verðlaun, auk undirbúnings í íþróttahúsinu, þar á meðal stúku, hátalara og annan nauðsynlegan búnað.

**Fundargerð rituð af:**

Kristjáni Mar

**Dagsetning:** 26. Nóv. 2025